



# SAH Afurðir ehf.



Fréttabréf—júlí 2006

## Punktar

- \* Mikil slátrun fullorðinna hrossa
- \* Fólaldakjöt uppselt hjá SAH Afurðum
- \* Nautgripi vantar til slátrunar
- \* Sauðfjárrétt hefur verið endurnýjuð að öllu leiti.
- \* SAH Afurðir ehf. hafa fært bankaviðskipti sín til Glitnis.

## Starfsmannahús

Unnið er að endurnýjun eldhúsaðstöðu í starfsmannahúsi. Trésmiðjan Stígandi sér um verkið og verður því lokið í þessum mánuði.

Er um all mikið verk að ræða þar sem klæðningar á gólfi, veggjum og í lofti, ásamt öllum innréttingum eru endurnýjaðar.

Skipulagi er einnig breytt nokkuð svo vinnuferli séu betri.

## Horfum fram á veginn

Um síðastliðin áramót var rekstur Sölufélags Austur Húnvetninga sem tengist slátrun og kjötvinnslu færður yfir í nýstofnað félag SAH Afurðir ehf. Sölufélag Austur Húnvetninga á 51% í hinu nýja félagi, Kjarnafæði á 36% og bændum og starfsmönnum hafa verið boðin 13% til kaups.

Góð aukning hefur orðið á slátrun fyrstu mánuði ársins. Slátrun fullorðinna hrossa hefur aukist mjög mikið og er nú orðin ríflega þreföld miðað við slátrun allt síðasta ár.

Stígandi hefur verið í slátrun nautgripa. Enn hefur verið lítil svínaslátrun en mikill skortur hefur verið á sláturgrísun undanfarna mánuði.

**SAH Afurðir munu ekki frekar en forveri þess Sölufélag Austur Húnvetninga, binda bændur á klafa með löngum bindandi samningum um afurðaviðskipti.**

Starfsmenn SAH Afurða kappkosta hér eftir sem hingað til að þjónusta bændur með besta mögulega hætti þar sem viðskipti byggja á gagnkvæmu trausti.

Vert er að hafa í huga að Sölufélag Austur Húnvetninga var brautryðjandi í því að sækja gripi til slátrunar í önnur héröð. Með því móti var lögð áhersla á að bændur hefðu frelsi til að velja hvar þeir hefðu sín afurða-viðskipti.

Með stofnun SAH Afurða hefur grundvöllur slátrunar og kjötvinnslu á Blönduósi verið styrktur enn frekar. Fjárhagslegur styrkur, gott starfsfólk og traustir eigendur, en félagið er að miklum meirihluta til í eigu bænda, og trygg sala afurða, gera félagið vel í stakk búið til að takast á við harða samkeppni á kjötmarkaði.

Afurðaverð til bænda hefur farið batnandi og all nokkrar hækkanir hafa orðið undanfarin tvö ár. Þessar hækkanir hafa að hluta til komið fram í hækkuðu verði til neytenda.

Ljóst er að fara verður með gát næstu misserin, því aukinn innflutningur landbúnaðarvara er staðreynd, staðreynd sem á eftir að hafa veruleg áhrif á þróun íslensks landbúnaðar.

Aðeins með því að standa þétt saman og með því að vinna stöðugt að kynningu á sérstöðu íslenskra landbúnaðarvara, er hægt að tryggja viðgang landbúnaðar á Íslandi.

Íslenskar landbúnaðarvörur geta seint keppt í verði við innfluttar, til þess eru aðstæður hér of frábrugðnar því sem gerist erlendis.

Starfsmenn SAH Afurða leggja áherslu á að veita bændum og öðrum viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og leggja þar með sitt af mörkum til styrkingar landbúnaðar á Íslandi.

Það er von mín að bændur sjái hag sínum áfram vel fyrir komið með viðskiptum við SAH Afurðir ehf. og stuðli þannig að heilbrigðri samkeppni á kjötmarkaði. Sig.Jóh.

## Sumarslátrun sauðfjár

Sumarslátrun hefst hjá SAH Afurðum ehf. um leið og fé fæst til slátrunar.

Undanfarin ár hefur verið umtalsverð sumarslátrun á Blönduósi.

Hjá SAH hefur tiltölulega stórum hluta sauðfjár verið slátrað í sumarslátrun og þar af leiðandi með umtalsverðu álagi á haustverð.

Með því að hafa álag á sumarslátrun áfram tiltölulega hátt er haldið fast við þá stefnu að sumarslátrun sé mikilvægur þjónustubáttur við bændur og einnig að mikilvægt sé að geta boðið uppá ferskt lambakjöt í verslunum.

Sumarslátrun lýkur þann 17. september, en að þeim tíma loknum hefst haustslátrun og farið verður að vinna samkvæmt hefðbundinni niðurlögnun, sem

Vika	Álag SAH Afurða	Álag Markaðsráðs	Útl. hlutfall
30	77 kr..kg	1.300 kr.dilk	4 %
31	75 kr.kg.	1.300 kr.dilk	4%
32	75 kr.kg.	1.300 kr.dilk	4 %
33	60 kr.kg.	1.100 kr.dilk	4 %
34	43 kr.kg.	800 kr.dilk	4%
35	27 kr.kg.	500 kr.dilk	4 %
36	40 kr.kg.	200 kr.dilk	4%
37	35 kr.kg.		10%

kynnt verður síðar.

Hér að ofan má sjá yfirlit yfir álagsgreiðslur SAH Afurða og Markaðsráðs, ásamt útflutningshlutfalli á hverjum tíma.

Bændur sem hafa hug á að nýta sér sumarslátrun eru hvattir til að hafa samband við slátruhússtjóra sem fyrst og tryggja sér slátrun á þeim tíma sem þeir óska, í síma 4552200 eða 8962280.

Einnig er hægt að senda tölur á [sigurdur@sahun.is](mailto:sigurdur@sahun.is) og panta slátrun.

Yfirborgun Markaðsráðs er á flokka E-R, fitufl. 1-3 og flokk O, fituflokk 1-2.

**Yfirborgun SAH Afurða ehf. nær til allra flokka dilkakjöts.** Allt innlegg á sumarslátrunartíma verður staðgreitt hvern föstudag eftir innleggsviku.

**Yfirborgun SAH Afurða ehf. nær til allra flokka dilkakjöts.**

**Allt innlegg á sumarslátrunartíma verður staðgreitt hvern föstudag eftir innleggsviku.**

## Gærumál – Flutningur – Innmatgur

Gærumarkaðir hafa verið erfiðir. Bændum voru greiddar 61 króna á stykkið af lambagærum..

Gengið hefur verið frá samningum við Sauðskinn ehf. á Sauðárkróki um að þeir taki að sér söltun og geymslu á gærum SAH Afurða sem til falla á komandi hausti. Sölumál verða samstarfsverkefni SAH Afurða og Sauðskinn.

Verð fyrir flutning verður ákveðið samhliða haustverði, sama gildir um innmat.

Ekki lítur út fyrir að garnir verði hirtar þetta árið, þar sem verð fyrir þær á erlendum mörkuðum hefur lækkað um allt að helming. Lögð verður meiri áhersla á að hirða annan innmat í þess stað.

## Stórgripir óskast

Sem fyrr er mikil eftirspurn eftir nautgripum. Nú er einnig svo komið að fullorðin hross vantar til slátrunar.

Stefnt er að því að hefja folaldslátrun í lok ágúst. Verð fyrir folöld verður ákveðið fljótlega.